



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps
mánudaginn 31. mars 2014 kl. 16.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Sigfríður Magnúsdóttir. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir starfandi skólastjóri, Steinunn Rasmus fyrir hönd kennara grunnskólasviðs, Herdís Erna Matthíasdóttir fyrir hönd foreldrafélags leikskólasviðs og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið. Formaður óskaði eftir því að taka tvö mál á dagskrá undir liðunum önnur mál, var það samþykkt samhljóða. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1403025 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 2. desember 2013.

Nefndin fór yfir fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. 1403027 – Kennsluafsláttur fyrir skólastjóra.

Fyrir nefndinni lá erindi frá starfandi skólastjóra, Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur, dagsett 27. mars 2014, varðandi kennsluafslátt fyrir skólastjóra skólaárið 2014-2015.

Nefndin samþykkir að afsláttur á kennskuskyldu skólastjóra skólaárið 2014 -2015 verði 50% miðað við gildandi kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga við Skólastjórafélag Íslands. Samþykkt samhljóða.

3. 1403028 – Skóladagatal 2014-2015.

Nefndin fór yfir skóladagatal sem starfandi skólastjóri lagði fram. Skóladagatal 2014-2015 samþykkt samhljóða.

4. 1403029 – Kennslustundir grunnskólakennara skólaárið 2014-2015.

Starfandi skólastjóri sækir um 155 tíma skólaárið 2014-2015 og fór yfir tillögu sína með nefndinni.

Nefndin samþykkir allt að 155 kennslustundir skólaárið 2014- 2015, samþykkt samhljóða.

5. 1403030 – Mánaðarskýrsla skólastjóra.

Starfandi skólastjóri fór yfir mánaðarskýrslu.

6. 1403036 – Nýnemar sem hefja skólagöngu haustið 2014.

Listi frá Þjóðskrá til yfirferðar.

Lagður fram listi yfir börn með lögheimili í sveitarfélaginu og hefja skólagöngu haustið 2014. Alls 3 börn hefja skólagöngu skv. listanum í haust.

7. 1403037 – Dagsetning samræmdra könnunarprófa.

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 2. desember 2013.

Lagt fram og kynnt.

8. 1403038 – PMTO meðferðarmenntun 2014.

Erindi frá Barnaverndarstofu dagsett 8. janúar 2014 varðandi menntun PMTO meðferðaraðila á Íslandi.

Lagt fram til kynningar.

9. 1403039 – Tilkynning um námsmat í grunnskólum.

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 5. febrúar 2014, er varðar frestun gildistöku nýs námsmats samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla til vorsins 2016.

Kynnt.

10. 1403040 – 134. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði 16. desember 2014.

Fundargerðin lögð fram.

Önnur mál:

11. 1403041 – Skólaakstur grunnskólanema.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samið verði áfram við núverandi þjónustuaðila. Samþykkt samhljóða.

12. 1403042 – Dans í Reykhólaskóla.

Erindi frá Foreldrafélagi Reykhólaskóla dagsett 28. mars 2014, þar sem farið er fram á það að danskennsla verði felld inní skólastarf.

Nefndin samþykkir erindið samhljóða.

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 17.

_____	_____
_____	_____
_____	_____